



Áveitan

1. tbl. 19. árgangur. Janúar 2025

NÝÁRSKVEÐJUR UMF. ÞJÓTANDA

GLEÐILEGT ÁR KÆRU LESENDUR ÁVEITUNNAR,
KÆRAR ÞAKKIR FYRIR SAMSTARFIÐ OG SAMSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI.

Stjórn Umf Þjótanda vill koma á framfæri þökkum til þeirra sem styrktu skötuveislu félagsins á þorláksmessu með hráefnisgjöfum en það eru þau:

Mareike og Sturla á Fljótshólum sem gáfu rófur

Hulda og Andri í Forsæti sem gáfu kartöflur

Kristín og Ólafur á Hurðarbaki sem gáfu hamsatölg

Jón Valgeir og Hallfríður í Lyngholti sem gáfu saltfisk.

Um 170 manns komu og gæddu sér á skötu og þökkum við þeim öllum kærlega fyrir komuna. Einnig þökkum við öllum þeim fjölmörgu sjálfbodaliðum sem aðstoðuðu í skötuveislunni sjálfri.

Upp er runnið nýtt ár og margt skemmtilegt og spennandi framundan í starfi Umf Þjótanda. Aðalfundur félagsins verður haldinn í febrúar og hvetjum við alla áhugasama til að mæta og taka þátt í að móta starfið.

Til stendur að fara í skíðaferð í Bláfjöll og einnig verða lögð gönguskíðaspor í sveitarfélaginu þegar vel stendur á. Nánari upplýsingar koma inn á Facebook síðu félagsins.

Aldursflokka – og Unglingamót í frjálsum íþróttum verða haldin 25. janúar n.k. og vonumst við eftir að senda þangað öflugt lið þátttakenda. Þjótandaæfingar hefjast svo aftur eftir jólafrí í næstu viku.

STJÓRN UMF ÞJÓTANDA ÞAKKAR AF ALHUG ÖLLUM ÞEIM SEM TÓKU ÞÁTT Í STARFSEMI FÉLAGSINS MEÐ EINHVERJUM HÆTTI. HLÖKKUM VIÐ TIL ÁFRAMHALDANDI SAMSTARFS Á NÝJU ÁRI.

STJÓRN ÞJÓTANDA

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Annáll ársins 2024 frá sveitarstjóra



Kæru sveitungar og lesendur
Áveitunnar

Nú er árið liðið og nýtt ár að taka við. Ég vona að allir hafi átt gleðiríka jólahátíð og óska ég öllum lesendum gæfu og farsældar á nýja árinu og sendi um leið kærar þakkar fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Í þessum annál ætla ég að tæpa á nokkrum af þeim fjölmörgu verkefnum sem hafa verið í gangi í sveitarfélaginu á árinu 2024.

Janúar:

Nýr aðalmaður kom inn í sveitarstjórn í janúar. Í dag sitja eftirfarandi aðilar sem aðalmenn í sveitarstjórn Flóahrepps:

Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson, varaoddviti
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Skipaðir voru fulltrúar í framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla til að halda utan um þær breytingar og framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru á skólahúsnæðinu á árinu. Farið var í breytingar á anddyri í Þingborg þar sem fatahenginu var breytt til að auka pláss í anddyri ásamt því að mála veggj innanhúss.

Heilsueflandi samfélagi í Flóahreppi og Ungmennafélagið Þjótandi stóðu fyrir skautafjöri á heimagerðu skautasvelli á gervigrasvellinum við Flóaskóla. Frábær mæting var á svellið, boðið upp á heitt kakó og smákökur og var þetta góður dagur í alla staði.

Húsnæðisáætlun 2024 var samþykkt þar sem gert var áfram ráð fyrir nýbyggingum og íbúafjölgun á árinu.

Seyruverkefnið fluttist til Umhverfis og tæknisviðs Uppsveita, UTU, á Laugarvatni. Að Seyruverkefninu standa sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyru á Flúðum og annast hreinsun rotþróa í sveitarfélögunum.

Febrúar:

Sveitungar stóðu fyrir fyrsta sameiginlega þorablótinu í Flóahreppi og var það mjög vel sótt. Þorablótin eru rótgróin hefð og mikilvægt að reyna að halda í þátttöku íbúa og efla enn frekar þessa menningu sem er svo sterk í okkar samfélagi.

Gerður var samningur við Börk Brynjarsson um að sinna ráðgjafarvinnu fyrir Flóahrepp á árinu. Ráðgjöfin snýr að mestu að vatnsveitu Flóahrepps, fráveitumálum og verklegum framkvæmdum í sveitarfélaginu.

Mars:

Halla Kjartansdóttir og Helena Hólm voru skipaðir fulltrúar Flóahrepps í Öldungaráð uppsveita og Flóa og halda þær utan um málefni eldri íbúa í sveitarfélaginu af miklum myndarbrag í samstarfi við velferðarþjónustu, sveitarstjórn og íþrótta-æskulýðs- og menningarnefnd.

Sveitarstjórn stóð fyrir íbúafundi þann 26. mars þar sem helstu umræðuefni voru úrgangsmál í landbúnaði, kynning á

fyrirhuguðum framkvæmdum við Flóaskóla og stutt kynning á ferli í kringum endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Að auki voru teknir fyrir umræðupunktur sem voru sendir inn í gegnum íbúakönnun á heimasíðu fyrir fundinn. Íbúar tóku þátt á staðnum ásamt því að nokkrir fylgdust með í beinu streymi.

Apríl:

Gengið var frá samningi við Eggert Sigurþór Guðlaugsson um minkaveiði í sveitarfélaginu en veiðinni þarf að sinna markvisst svo að minkurinn valdi ekki skaða á svæðinu.

Stóri plokkgalurinn var þann 28. apríl og efndi umhverfis- og samgöngunefnd til myndasamkeppni tengdri deginum. Fjölmargir íbúar tóku þátt og plokkuðu rusl á víðavangi í Flóahreppi.

Árshátíð starfsmanna Flóahrepps, nefndarmanna og verktaka var haldin í Félagslundi en mikilvægt er að huga vel að starfsfólki sveitarfélagsins sem er lykillinn í allri okkar starfsemi.

Maí:

Samið við Gunnar P. Larsen um skólaakstur fyrir Flóaskóla.

Tekin var ákvörðun um að bjóða upp á skráningardaga í leikskólanum Krakkaborg á skólaárinu 2024-2025 í haust- og vetrarfríum grunnskóla, milli jóla og nýárs og í dymbilvikum.

Opnir hreinsunardagar voru á gámasvæðinu dagana 13.-17. maí en þá gafst íbúum og fasteignaeigendum tækifæri til að fara í tiltekt og henda gjaldfrjálst á gámasvæði. Mjög margir nýttu sér þetta og tók til hendinni í kringum húsnæði og á atvinnulóðum.

Fulltrúar úr sveitarstjórn og umhverfis- og samgöngunefnd funduðu með Vegagerðinni og fóru yfir samgöngumál og ástand vega í sveitarfélaginu.

Ársreikningur 2023 var samþykktur með jákvæðri rekstrarniðurstöðu í A og B hluta upp á 105 milljónir.

Nýjar reglur um kjör á íprótta- og afreksfólki Flóahrepps voru samþykktar af sveitarstjórn.

Sigga á Grund var tilnefnd sem fyrsti heiðursborgari Flóahrepps á 80 ára afmælinu hennar.

Opið hús fyrir 60+ íbúa fór af stað og hefur mæting verið frábær öll þau skipti sem boðið hefur verið upp á þessi opnu hús. Þetta er frábær vettvangur til að eiga góða stund saman með sveitungum sínum, fá sér kaffisopa, spila, spjalla eða hvað sem er. Nærandi fyrir líkama og sál.

Júní:

Fjölskylduhátíðin Fjör í Flóa fór fram 31. maí – 1. júní og tókst vel í alla staði en það er íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd sem heldur að mestu utanum skipulag og framkvæmd hátíðarinnar í góðu samstarfi við kvenfélög og Ungmennafélagið Þjótanda.

Íþróttá- og afreksfólk Flóahrepps 2023 var verðlaunað en í ár hlaut Kolbrún Katla Jónsdóttir kraftlyftingakona frá Lyngholti titilinn en hún hefur náð eftirtektarverðum árangri í íþróttinni. Ákveðið var að veita sérstaka viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþróttá- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu og hlaut Fanney Ólafsdóttir á Hurðarbaki þann heiður.

Menningarstyrkur Flóahrepps var veittur og tóku fulltrúar Íslenska bæjarins við menningarstyrk fyrir verkefnið „Fuglarnir í mýrinni“ og fulltrúi frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps tók við styrk fyrir verkefnið „Uppbygging á skógræktarreitnum Skagási“.

Forsetakosningar fóru fram og var kosningastaður í Félagslundu. Sveitarstjórn samþykkti að setja fjármagn í lagfæringu á vegi að útivistarsvæðinu í Einbúa.

17. júní var haldinn hátíðlegur í Einbúa og sáu fulltrúar frá Ungmennafélaginu Þjótanda, kvenfélögunum og frá sveitarfélaginu um skipulag hátíðarhaldanna. Hátíðin var enn veglegri í ár þar sem haldið var upp á 80 ára afmæli Lýðveldisins Íslands. Þórunn Sturludóttir Schacht frá Fljótshólum var fjallkona og Kristín Lilja Sigurjónsdóttir í Egilsstaðakoti flutti ræðu.

Sveitarstjóri heimsótti íbúa 90 ára og eldri og færði þeim glaðning frá sveitarfélaginu þennan dag.

Vinnuskólinn tók til starfa 5. júní og starfaði í 7 vikur. Verkstjórar voru Sigurður Þór Emilsson og Þórunn Sturludóttir Schacht og stýrðu þau starfsmönnum vinnuskólans og komust þau yfir fjölmörg verkefni.

Ungmenni á vegum samfélagsverkefnis Landsvirkjunar „Margar hendur“ sinntu ýmsum verkefnum innan sveitarfélagsins nokkra daga í júní svo sem tiltekt með vegum, grisjun á trjám og fleira.

Júlí:

Sveitarstjórn samþykkti að bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í Flóaskóla.

Starfsemi skrifstofu var skert vegna sumarleyfa starfsfólks.

Ýmsar framkvæmdir fóru fram í sveitarfélaginu yfir sumarmánuðina en þær stærstu voru breytingar innanhúss í Flóaskóla þar sem verkgreinastofur voru stækkaðar og fleiri breytingar sem bæta enn frekar aðstöðu í skólanum.

Hér má sjá yfirlit yfir helstu framkvæmdir sumarið 2024:

<https://www.floahreppur.is/static/files/Fundargerdir/301fundur/5.-yfirlit-yfir-framkvaemdir-sumarsins-20243.pdf>

Ágúst:

Útleiga á félagsheimilunum var nokkur yfir sumarið og voru það að mestu ættarmót, hópar í gistingu og brúðkaup sem fólk nýtti húsin í.

Leik- og grunnskóli fóru af stað inn í nýtt skólaár. Við búum yfir öflugum og metnaðarfullum starfsmannahópi í skólunum okkar sem halda vel utanum alla þá nemendur sem stunda nám við skólana.

September:

Sveitarstjórn fjölgaði föstum sveitarstjórnarfundum og eru nú haldnir fundir tvisvar sinnum í mánuði sem einnig eru sendir út í beinu streymi.

Sveitarstjórn átti fund með Bergþóru Kristinsdóttur forstjóra Vegagerðarinnar þann 12. september. Fundinn sátu einnig Svanur Geir Bjarnason svæðisstjóri á Suðursvæði og Guðmundur Valur Guðmundsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs hjá Vegagerðinni. Á fundinum var farið yfir ýmsa þætti sem snúa að samgöngumálum í Flóahreppi. Rætt var um vegakerfið og skort á viðhaldi á malarvegum innan sveitarfélagsins. Sveitarstjórn lagði ríka áherslu á að farið verði sem fyrst í uppbyggingu á mikilvægum tengivegum í sveitarfélaginu og var Önundarholtsvegur nr. 311 nefndur þar sem forgangsverkefni ásamt Urriðafossvegi nr. 302. Lögð var áhersla á að tryggja betri samgöngur á betri og öruggari vegum í sveitarfélaginu og í því samhengi vísað til skólaaksturs og hjáleiða sem gjarnan eru í gegnum sveitarfélagið ef loka þarf Þjóðvegi 1.

Undirbúningur fjárhagsáætlunar fór af stað, staða yfirstandandi árs var greind og áherslur fyrir komandi ár lagðar fram.

Í lok september hófst sú þjónusta að bjóða eldri borgurum í Flóahreppi upp á að kaupa mat af sveitarfélaginu. Ýmist er hægt að borða í mötuneyti Flóaskóla eða sækja mat þangað og fara með heim. Þó nokkrir íbúar eru farnir að nýta sér þessa þjónustu og á það án efa eftir að aukast enn frekar.

Október:

Íbúafundur vegna atvinnustefnu var haldinn í Þingborg en Flóahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Hveragerði koma að gerð sameiginlegrar atvinnustefnu fyrir svæðið.

Sveitarstjórn tók ákvörðun um að að undirbúa sölufერი á Þingborg eldri en verið er að horfa á sölu á fasteignum sem

ekki nýtast fyrir lögbundin verkefni sveitarfélagsins. Miklar framkvæmdir og fjárfestingar eru fyrirhugaðar á komandi árum. Flóahreppur fór í gegnum viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins. Vinna við fjárhagsáætlun 2025-2028 fór á fullt og sveitarstjórn og starfsmenn skrifstofu sóttu fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

Í lok október var Ársþing SASS haldið í Hveragerði og átti Flóahreppur þar sína fulltrúa.

Nóvember:

Fyrsta skóflustungan var tekin af nýrri Ölfusárbrú sem mun skipta gríðarlegu máli fyrir svæðið allt enda umferðarpunginn um gömlu brúna og í gegnum Selfoss komin yfir þolmörk. Á byggingatíma brúarinnar verða framkvæmdir við hringveginn innan Flóahrepps, færsla á veitum, vegstæði og fleira.

Alþingiskosningar fóru fram 30. nóvember og var kosið í Félagslund.

Auglýst var eftir verktaka til að sinna mokstri á plönunum og hálkuvarnir við stofnanir sveitarfélagsins og var samið við Hellisbúið ehf. til eins árs um það verk.

Desember:

Fjárhagsáætlun 2025-2028 var samþykkt í sveitarstjórn. Í áætluninni er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á rúmlega 130 milljónir í A og B hluta á árinu 2025. Hófstílltar hækkunarir eru á gjaldskrá og gjaldskrá vegna sorphirðu verður lækkuð á árinu 2025 og álagningarprósenta á A flokk verður lækkuð til að mæta mikilli hækkun á fasteignamati á svæðinu. Ítarleg greinargerð fylgir fjárhagsáætlun ársins þar sem fram koma þær breytingar sem gerðar voru og farið er yfir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins. Greinargerðina má finna á heimasíðu Flóahrepps.

Aðventuhátíð Flóahrepps var haldin 5. desember en það var menningarnefnd í samstarfi við Berglindi Björk Guðnadóttur sem komu að skipulagi aðventuhátíðarinnar sem nú var haldin annað árið í röð og er án efa viðburður sem er kominn til að vera. Boðið var upp á forsölu en húsfyllir var á þessari glæsilegu hátíð. Fjölbreytt atriði voru flutt af kórum leik- og grunnskólabarna, söngkór Hraungerðisprestakalls, einsöngur Berglindar Bjarkar og sönghópurinn Tónafljóð. Að auki komu nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga fram. Styrkur fékkst til verkefnisins í ár frá Uppbyggingasjóði Suðurlands. Nemendur úr 10. bekk Flóaskóla og konur úr kvenfélögum afgreiddu kakó, kaffi og smákökur en það var innifalið í miðaverðinu.

Sveitarstjórn færði Flóaskóla 5 milljónir í lok ársins til kaupa á búnaði á skólalóð en gjöfin er í tilefni af 20 ára afmæli skólans.

Eftir þessa yfirferð er ljóst að það hefur margt gerst á árinu. Við tökum fagnandi á móti komandi ári og þeim verkefnum sem árinu fylgja. Við búum í frábæru og samhentum samfélagi þar sem lífsgæði eru góð.

Megi nýtt ár gæra ykkur öllum gleði og gæfu.

*Með kærri nýárs kveðju,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*



Fréttir úr Flóaskóla

Nýliðin aðventa var góður tími í skólanum. Áhersla var lögð á að skapa notalegt og rólegt andrúmsloft í aðdraganda jóla en halda samt í nokkrar góðar hefðir í skólastarfinu.

Um áramót er við hæfi að líta yfir farinn veg. Haustönnin í Flóaskóla var að venju viðburðarrík og fengust nemendur við fjölmörg ólík viðfangsefni undir handleiðslu starfsfólks. Auk hefðbundinna verkefna voru unnin þrjú þemaverkefni þvert yfir skólann út frá grunnþáttunum *heilbrigði og velferð*, *lýðræði og mannréttindi* og *sköpun*. Við fengum heimsókn samstarfsskóla frá Danmörku og unnum í smiðjum í samtarfi við grunnskólana í uppsveitum Árnessýslu. Farið var í haustferðir. Jón Pétur leiddi danskennslu. Olympíuhlaup og Flóamót voru á vísun stað.

Elsta stig skólans sýndi leikrit um Stellu í orlofi og nemendur í 1.-7. bekk sýndu jólasýningu. Allt voru þetta mjög vel heppnaðar sýningar sem voru nemendum og hlutaðeigandi starfsfólki til mikils sóma.



Langspilssveitin okkar tók þátt í jólasýningu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og spilaði á fernum tónleikum í Eldborgarsal Hörpu fyrir fullu húsi. Tónleikarnir voru svo sýndir í sjónvarpinu á jóladag. Þetta var krefjandi og lærdómsríkt

verkefni en afar skemmtilegt og skilaði Langspilssveitin því með miklum sóma.



Þrátt fyrir nauðsyn þess að hafa fjölbreytt uppbot í starfinu er hinn hefðbundni skóladagur ekki síður mikilvægur og er í raun sá grunnur sem allt annað nám byggir á. Í öllu okkar starfi leggjum við áherslu á traust og virðingu í samskiptum, samkennd og umburðarlyndi og erum afar stolt af skólanum okkar og starfinu þar.

Nýtt ár hefst með þemaverkefni út frá *læsi* sem er einn af sex grunnþáttum menntunar. Verkefninu er ætlað að gera nemendur meðvitaðri um læsi í víðum skilningi og að þeir tileinki sér ólíka þætti læsis.

Í janúar verður það svo viðamikið verkefni hjá okkur að halda upp á afmæli skólans. Árið 2024 varð Flóaskóli 20 ára og ætlunin er að halda afmælisfögnuð af því tilefni síðari hluta janúar. Skólanum hafa borist veglegar gjafir af þessu tilefni. Nú rétt fyrir áramót færði Flóahreppur skólanum 5 milljónir að gjöf sem ætlaðar eru til kaupa á leiktækjum og búnaði á skólalóðina. Við þökkum kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf og þann velvilja til skólans sem hún sýnir. Kvenfélag Villingaholtshrepps hafði fyrr á árinu gefið skólanum 800 þúsund í þetta sama verkefni. Þessar góðu gjafir eiga eftir að nýtast okkur einstaklega vel því þær gera okkur kleift að setja upp veglega klifurgrind og aðra afþreyingu sem bætir mjög aðstöðuna á skólalóðinni.

Við horfum með tilhlökkun til komandi árs, megi árið 2025 færa okkur öllum gæfu og gleði. Bestu kveðjur úr Flóaskóla

Þórunn Jónasdóttir, skólustjóri

60+ Hittingar

Gleðilegt ár!

Við ætlum að halda áfram að hittast á 3ja vikna fresti fram á vor og verða 2 hittingar í janúar, miðvikudagana 8. og 29. janúar.

Eins og áður er staðsetningin í Þjósárveri og tímasetningin milli kl 16:00 og 18:00. Húsið opnar kl 15:30.

Í næsta hitting langar okkur gjarnan að eiga með ykkur stutt spjall og heyra hugmyndir ykkar um áframhaldandi starf. Eins og venjulega er heitt á könnunni og eitthvað með því.

Nefndin

Dagskrá mánaðarins:

Flóaskóli hefst eftir jólaleyfi	3. janúar
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	3. janúar
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	7. janúar
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	8. janúar
60 + hittingur í Þjósárveri	8. janúar
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	10. janúar
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	14. janúar
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	15. janúar
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	17. janúar
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	21. janúar
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	22. janúar
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	24. janúar
Íþróttæfingar 5. - 7. bekkur	28. janúar
Íþróttæfingar 8. - 10. bekkur	29. janúar
60 + hittingur í Þjósárveri	29. janúar
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	31. janúar
Þorrablót Flóahrepps	8. febrúar